



MENNTASKÓLINN
VIÐ SUND

Umhverfisvika í MS

Skólaárið 2020-2021



Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Lokaskýrsla til Sprotasjóðs

Nafn skóla: Menntaskólinn við Sund

Nafn verkefnisins: Umhverfisvika í MS

Nafn verkefnisstjóra: Kristbjörg Ágústdóttir og Katrín Magnúsdóttir

Númer samnings og hvaða ár verkefnið hlaut styrk: UMS-101

Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:

Markmiðið er að halda umhverfisviku í MS á vorönn 2021 þar sem öll kennsla í skólanum í heila viku verður tengd sjálfbærni, umhverfisvernd og loftlagsbreytingum. Tilgangurinn er að nemendur, kennarar og aðrir starfsmenn geri sér betur grein fyrir þeim umhverfisvanda sem mankynið stendur fyrir, nemendur leiti margvislegra leiða til þess að koma jafnvægi á umgengni sína við náttúruna og breiði þekkingu sína út til samfélagsins. Verkefnið mun opna augu þátttakenda fyrir því hvað þeir geti gert til þess að leggja sitt af mörgum bæði hérlandis og erlendis.

Leiðir sem valdar voru til að ná markmiði:

Umhverfisteymi, skipað kennurum í umhverfisfræði, einum kennara úr hverri fagdeild ásamt nemendum í umhverfisnefnd sá um skipulag umhverfisviku. Nefndin hittist reglulega yfir skólaárið til að skipuleggja umhverfisstarfið þessa viku. Auk þess tóku nemendur í umhverfisfræði virkan þátt í skipulagi og framkvæmd umhverfisvikunnar.

Meðan á vikunni stóð var sjálfbærni og umhverfismál rauður þráður í öllu sem fram fór innan skólans með sérstakri áherslu á loftslagsbreytingar og aðgerðir í loftslagsmálum. Auk þess var mikil áhersla lögð á valdeflingu og aðgerðir. Ákveðið var að skipta vikunni í fjóra þemadaga auk inngangsdags. Mánudagurinn var því kynningardagur á því sem fram myndi fara í vikunni, á þriðjudeginum var þemað Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna, á miðvikudeginum var þemað neysla, á fimmtudeginum orka og samgöngur og á föstudeginum lífsgæði og forréttindi.



Karítas Sól Þórisdóttir, nemandi við skólann, hélt erindi um Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og loftslagsbreytingar

Á miðvikudeginum fór fram sameiginleg dagskrá sem streymt var í allar stofur. Á dagskrá voru nokkur erindi auk þess sem myndbönd frá nemendum í umhverfisfræði voru sýnd. Sævar Helgi Bragason, umhverfis- og vísindamiðlari, hóf dagskrá með áhrifaríku erindi um loftslagsmál og þau áhrif sem hvert og eitt okkar getur haft. Í kjölfarið flutti Gunnhildur Fríða Hallgrímsdóttir, loftslagsaktívisti, erindi um valdeflingu ungs fólks í umhverfismálum. Karitas Sól Þórisdóttir, nemandi við Menntaskólann við Sund, tók þá við og fjallaði um loftslagsbreytingar og Heimsmarkmið Sameinuðu þjóða og hvatti samnemendur sína til dáða í þessum efnum. Á milli erinda voru flutt myndbönd sem nemendur í umhverfisfræði unnu.

Alla vikuna voru nemendur umhverfisfræði með fræðslubása um tiltekin málefni sem tengdust þemum hvers dags. Básarnir voru af margvíslegum toga, t.d. bakaði einn hópurinn tvær kökur, aðra vegan og hina með dýraafurðum og gáfu gestum og gangandi að smakka til að kanna hvort bragðmunur væri á, einn hópur gerði bækling um loftslagsmál sem dreift var, aðrir voru með PowerPoint kynningar m.a. með niðurstöðum úr könnun sem lögð var fyrir í tengslum við vikuna.



Nemendur í umhverfisfræði voru með bása um tiltekin málefni viðsvegar um skólann

Meðan á vikunni stóð unnu kennrarar verkefni með nemendum í sínum fögum sem tengdust ofantöldum málefnum með einhverjum hætti. Maelst var til þess að gerð væru verkefni sem hægt væri að miðla með einhverjum hætti og voru valin verkefni birt á [vefsíðu umhverfisvikunnar](#). Nemendur unnu því verkefni af ýmsum toga s.s. myndbönd, hlaðvörp, blaðagreinar o.fl. Myndböndum og hlaðvörpum sem nemendur höfðu útbúið og tengdust þemum hvers dags var jafnframt miðlað á göngum skólans alla vikuna. Hluti þeirra verkefna sem unnin voru voru send í keppnina Ungt umhverfisfréttafólk sem Landvernd stendur fyrir.

Í vikunni fór fram fataskiptamarkaður í anddyri skólans þar sem nemendur og starfsfólk gátu komið með flíkur og tekið flíkur að vild. Veganmatur var í boði í mötuneyti skólans og var afar vinsæll að sögn matráðs. Einnig voru nemendur og starfsfólk hvött til að koma með umhverfisvænni hætti í og úr skóla. Engin formleg könnun var gerð á því hvernig til tókst en óvenjumörg hjól voru þó við hjólaskýli alla vikuna.

Alls kyns upplýsingar um þemun voru á upplýsingaskjám víðs vegar um skólann meðan á vikunni stóð, auk þess voru veggspjöld með Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna, Barnasáttmálanum og dagskrá vikunnar hengd upp á áberandi stöðum á víð og dreif um skólann.

Til að kolefnisjafna ferðir skólans var trjám plantað í reit skólans í Heiðmörk og sáu stúdentefni um þann hluta. Þetta er í fyrsta skipti sem það er gert en stefnt er að því að skapa þá hefð að stúdentefni planti trjám í reit skólans ár hvert.

Frávik miðað við áætlun verkefnisins

Engin teljanleg frávik voru á upphaflegri áætlun verkefnisins. Þó má nefna fataskiptamarkaðinn og veganmatinn í mótneyti sem ekki voru inni í upphaflegu áætluninni og eru því viðbót við það sem upphaflega var ráðgert. Einnig voru upplýsingabásarnir ekki í upphaflegri áætlun svo eitthvað sé nefnt. Þá má nefna að samfélagsmiðlar voru nýttir í minna mæli til að kynna vikuna en gert var ráð fyrir í upphaflegri áætlun. Í staðinn voru myndbönd og hlaðvörp spiluð á göngum skólans alla vikuna.

Helstu hindranir sem komu upp við vinnu verkefnisins

Engar alvarlegar hindranir komu upp sem komu í veg fyrir að einstaka þættir væru framkvæmdir. Hins vegar var á tímabili tvísýnt um hvort hægt yrði að framkvæma vikuna vegna covid-19. Aðstæður í samfélaginu voru með besta móti þá viku sem vikan var haldin og var því hægt að framkvæma allt það sem lá fyrir.

Helsti ávinnungur af vinnu við verkefnið, jákvæð atriði sem fylgdu í kjölfar eða samhliða verkefnisvinnu

Mikil vakning hefur átt stað í umhverfismálum í samfélaginu og finnum við fyrir því innan Menntaskólans við Sund. Kennrarar og nemendur tóku þátt í vikunni með því að taka sjálfbærni og umhverfismál fyrir þessa viku í flestum fögum. Nemendur, kennrarar og annað starfsfólk var upp til hópa mjög jákvætt og þótti kærkomíð að fá uppbrot af þessu tagi inn í skólastarfið eftir erfiðan vetur sem litaðist að stórum hluta af covid-19. Stefnt er að því að umhverfisvikan verði árlegur viðburður í skólanum framvegis.

Mat á verkefninu samkvæmt umsókn:

Umhverfisvikan gekk afar vel og var ánægjulegt að sjá þá jákvæðni og þann meðbyr sem umhverfismálin fengu innan skólans bæði við undirbúning vikunnar og meðan á henni stóð. Vel tókst að fylgja upphaflegri áætlun og urðu engin teljanleg frávik frá henni.

Verkefnið hefur svo sannarlega haft jákvæð áhrif á skólastarfið. Með því að hafa umhverfisviku sem fastan lið í skólastarfinu einu sinni á ári er vakin athygli á þessum mikilvæga málaflokki og nemendur og starfsfólk skólans virkjað til áhrifa í umhverfismálum og sjálfbærni. Menntaskólinn við Sund er leiðandi skóli þegar kemur að umhverfisvænum lífsstíl, sjálfbærni og umhverfisvernd og er þetta góð og viðeigandi viðbót við það góða starf sem nú þegar er unnið.

Niðurstöður verkefnisins:

Markmið verkefnisins náðust og voru engin teljanleg frávik frá því sem ráðgert var. Afrakstur vikunnar má að einhverju leit sjá á [vefsíðu umhverfisvikunnar](#). Verkefnið mun halda áfram innan skólans og verður gert að árlegum viðburði.

Áætlun um kynningu á afrakstri verkefnisins og helstu niðurstöðum

Kynning á afrakstri fór fram í vikunni sjálfri og er miðlað á [vefsíðu umhverfisvikunnar](#).

Dagsetning: 07.06.2021

Katrin Magnússon

Undirskrift verkefnisstjóra



UMHVERFISVIKA Í MS

26. - 30. APRÍL 2021

HVAÐ VERÐUR Í GANGI?

VIÐBURÐUR - MIÐVIKUDAG

- Miðvikudagur kl. 13:00
- Dagskrá streymt í stofur:
 - Sævar Helgi
 - Gunnhildur Fríða
 - Karítas Sól
 - Efni frá nemendum MS

FATAMARKAÐUR

- Mánudag-miðvikudag:
 - Tekið við fótum í fatahengi í anddyri
- Fimmtudag-föstudag
 - Allir geta tekið fót að eigin vali

GRÆNMETISFÆÐI

- Grænmetisfæði verður í boði í mötuneyti alla vikuna

SAMGÖNGUR

- Sleppum einkabilnum!
- Allir nemendur og starfsfólk eru hvött til að koma með sjálfbærum hætti í skólann

FRÓÐLEIKUR UM ALLAN SKÓLANN

- Myndbönd, hlaðvörp, upplýsingabásar, kynningar o.fl. um þemu hvers dags.
- Þemu:
 - Heimsmarkmið - þriðjudag
 - Neysla og sóun - miðvikudag
 - Orka og samgöngur - fimmtudag
 - Lifsgæði og jöfnuður - föstudag

VIÐ GETUM ÖLL HAFT ÁHRIF!

Hvað getur þú
gert?



